

Jónas Hallgrímsson

Jónas Hallgrímsson er eitt þekktasta ljóðskáld Íslendinga. Jónas fæddist árið 1807 og dó árið 1845. Hann er stundum kallaður „listaskáldið góða“ og öll íslensk börn læra um ljóðin hans í skólum. Hann var prestssonur og ólst upp á Norðurlandi. Jónas bjó lengi í Danmörku eins og margir aðrir Íslendingar sem fóru í háskólanám á þeim tíma. Jónas lærði náttúrufræði við háskólann í Kaupmannahöfn. Hann ferðaðist í nokkur ár um Ísland og skrifaði um náttúru landsins. Jónas var undir áhrifum rómantísku stefnunnar. Hann orti mörg ættjarðarljóð um ástina, íslenska náttúru og sögu landsins. Hann skrifaði líka um náttúruvísindi, stjórnmál og bókmenntir. Ljóð Jónasar voru Íslendingum mikil hvatning í sjálfstæðisbaráttunni.

Rétt eða rangt?

Faðir Jónasar Hallgrímssonar var kennari.

Jónas Hallgrímsson lærði náttúrufræði.

Jónas bjó alltaf á Íslandi.

Jónas orti um ástina.

Jónas skrifaði um stjórnmál.



Ég bið að heilsa

Mörg ljóð Jónasar Hallgrímssonar lýsa söknuði hans og ást til Íslands. Í þessu ljóði sendir hann kveðju heim til Íslands.

*Nú andar suðrið sæla vindum þýðum.
Á sjónum allar báurur smáar rísa
og flykkjast heim að fögru landi ísa,
að fósturjarðar minnar strönd og hlíðum.*

Ó, heilsað öllum heima rómi blíðum
um hæð og sund í drottins ást og friði.
Kyssið þið, bárur, bát á fiskimiði.
Blásið þið, vindar, hlýtt á kinnum fríðum.

Vorboðinn ljúfi, fuglinn trúr, sem fer
með fjaðrabliki háa vegaleysu
í sumardal að kveða kvæðin þín,
heilsaðu einkum, ef að fyrir ber
engil með húfu og rauðan skúf, - í peysu.
Þröstur minn góður, það er stúlkan mín.

Jónas og íslenskt mál

Jónas Hallgrímsson þýddi líka marga texta, t.d. um náttúrufræði, og bjó þá til mörg ný orð yfir fyrirbæri sem hafði ekki verið talað um á íslensku fyrr. Hann bjó t.d. til orðin *aðdráttarafl*, *hitabelti*, *ljósvaki*, *sjónauki* og *sporbaugur* sem eru ennþá notuð í íslensku máli. Íslenskt tímarit, *Fjölnir*, kom út árlega í Kaupmannahöfn árin 1835 - 1847. *Fjölnir* hafði mikil áhrif á íslenskt mál og menningu. Jónas Hallgrímsson var einn af þeim sem stofnuðu tímaritið. Mörg helstu kvæði Jónasar birtust fyrst í *Fjölni*. Í kvæðum Jónasar birtist kraftur tungumálsins, náttúrufegurðin og sagan. Hann notaði bæði klassíska erlenda bragarhætti, t.d. sonnettu, og forna íslenska bragarhætti, t.d. bragarhætti fornu eddukvæðanna.

Andstæður

ást	norðrið
ljóð	erlendur
fagur	hatur
fyrstur	prósi
suðrið	síðastur
íslenskur	ljótur

Raðtölur

1 fyrsti	11 ellefti	21 tuttugasti og fyrsti
2 annar	12 tólfti	
3 þriðji	13 þrettáandi	30 þrítugasti
4 fjórði	14 fjórtáandi	40 fertugasti
5 fimmti	15 fimmtáandi	50 fimmtugasti
6 sjötti	16 sextáandi	60 sextugasti
7 sjöundi	17 sautjándi	70 sjötugasti
8 áttundi	18 átjándi	80 áttugasti
9 níundi	19 nítjándi	90 nítugasti
10 tíundi	20 tuttugasti	100 hundraðasti

205 tvö hundraðasti og fimmti

Dagsetningar

Dagsetningar eru ýmist í nefnifalli eða þolfalli.

Hvaða mánaðardagur er í dag?

Í dag er tuttugasti og fyrsti mars.

Í dag er annar október.

Hvenær á hann afmæli?

Hann á afmæli þrítugasta og fyrsta mars.

Hvenær á hún afmæli?

Hún á afmæli tuttugasta og annan maí.

Hvenær kemur hann heim?

Hann kemur átjándan desember.

Měsíce v roce - mánuðir

janúar

febrúar

mars

apríl

maí

júní

júlí


ágúst

september

október

nóvember

desember



Janúar er mánuður ársins.
Mars er mánuður ársins.
Apríl er mánuður ársins.
Júlí er mánuður ársins.
September er mánuður ársins.
Nóvember er mánuður ársins.

Afmæli

Anna á afmæli (11.) nóvember.

Bræðurnir eiga afmæli (1.) febrúar.

Sigga á afmæli (9.) ágúst og Gunnar á afmæli (19.) mars.

María og Guðrún eiga afmæli (16.) janúar en

Bjarki og Ari eiga afmæli (6.) janúar.

Geir á afmæli (17.) apríl og Gunna á afmæli (7.) apríl.

Lára á afmæli (12.) maí og Siggi á afmæli (2.) júní.

Hvenær átt þú afmæli?



Hvenær fæddist... ?

Jónas fæddist 22. 10. 1974.

Ásdís fæddist 4. 4. 2003.

Einar fæddist 18. 7. 1996.

Tinna fæddist 12. 1. 2014.

Þór fæddist 30. 12. 1949.

Margrét fæddist 1. 2. 1982.

Atli fæddist 23. 9. 2004.

Hvenær fæddist þú?

Aldir

þrettánda öld

fjórtánda öld

tuttugasta öld

tuttugasta og fyrsta öld

á þrettánda öld

á fjórtánda öld

á tuttugustu öld

á tuttugustu og fyrstu öld

Fræg persóna

Segðu frá frægri persónu. Undirbúðu stutta kynningu heima.

Hvaðan er hann/hún?

Hvenær lifði / fæddist hann/hún?

Hvað gerði hann/hún á æskuárunum? Hvað veist þú um fjölskyldu hans/hennar?

Fyrir hvað er hann/hún fræg(ur)? Hvað eru helstu verkin hans/hennar eða hvað gerði hann/hún merkt? Hlaut hann/hún verðlaun?

Af hverju valdirðu þessa persónu? Af hverju þykir hann/hún þér áhugaverð(ur)?